



Borgarráð

Aðgerðarhópur vegna móttöku flóttafólks

Hjálögð drög að erindisbréfi aðgerðarhóps um móttöku flóttafólks eru lögð fram til kynningar. Hlutverk hópsins er að skipuleggja móttöku flóttafólks sem hingað kemur í samræmi við 43. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, í samráði við stjórnvöld.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf aðgerðarhóps vegna móttöku flóttafólks, drög.

Erindi Félags- og vinnumálaráðuneytis til sveitarfélaga vegna móttöku flóttafólks, dags. 9.3.2022.

ERINDISBRÉF

Aðgerðarhópur vegna móttöku flóttafólks

Ábyrgðarmaður:
Borgarstjóri.

Inngangur:

Aldrei hafa jafnmargir einstaklingar og nú verið á flotta vegna stríðsátaka og ofsókna í heiminum frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk. Fyrirsjáanlegt er að umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi muni fjölga verulega í kjölfar Úkraínustríðsins. Í febrúar 2021 undirrituðu Félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg samning um samræmda þjónustu við einstaklinga sem fengið hafa alþjóðlega vernd og þá sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Samkvæmt samningnum átti Reykjavíkurborg að veita öllu flóttafólki sambærilega þjónustu óháð því hvort um sé að ræða kvótaflóttafólk eða einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hérlendis. Um var að ræða reynsluverkefni til eins árs sem nú er á ábyrgð alþjóðateymis velferðasviðs og staðsett hjá þjónustumiðstöð Breiðholts. Félagsmálaráðuneytið vinnur nú að því að endurskoða samninginn og á fulltrúi alþjóðateymisins sæti í þeim hópi.

Sveitarfélög gegna mikilvægri þjónustu við flóttafólk og hafa stjórnvöld hvatt sveitarfélög til þess að taka þátt í móttöku flóttafólks frá Úkraínu.

Reykjavíkurborg býr að dýrmætri reynslu af móttöku flóttafólks og er eitt þriggja sveitarfélaga sem á fulltrúa í samráðshópi ríkislögreglustjóra sem er að undirbúa aðgerðir til að taka á móti flóttafólki frá Úkraínu. Það er því mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að hefja undirbúning að þessu verkefni en það þarf að huga að húsnaðismálum, skólagöngu, framfærslu, heilbrigðis- og velferðarþjónustu og áfallaaðstoð, frístundum og félagslegri samveru, svo helstu þættir séu ávarpaðir.

Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Að skipuleggja móttöku flóttafólks sem hingað kemur í samræmi við 43. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, í samráði við stjórnvöld. Skipulagið á móttöku flóttafólksins taki m.a. mið af leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökuaðstoð og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks þar sem markmiðið með þjónustunni er að tryggja árangursríka inngildingu flóttafólks í íslenskt samfélag og samhliða stuðla að því að samfélagið komi til móts við þarfir þess. Það er best gert með samstarfi og samráði við flóttafólkið sjálft, félag Úkraínumanna á Íslandi og fleiri, en það er mikilvægt að virkja krafta þeirra sem eru reiðubúnir að taka að sér verkefni. Ennfremur er mikilvægt að virkja nærþjónustu í borgarhlutunum undir forystu þjónustumiðstöðva með öflugum samstarfi við stofnanir og félagasamtök í hverfum.

Helstu verkefni:

- Undirbúa Reykjavíkurborg sem móttökusveitarfélag í samræmi við samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks frá Úkraínu.
- Að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu flóttafólks í þjónustu hjá Reykjavíkurborg, m.a. með tölfraeðigögnum.
- Að gera sviðsmyndir byggðar á þeirri reynslu sem Reykjavíkurborg hefur fengið af móttöku flóttafólks.
- Endurskoðun á gildandi móttökukerfi fyrir flóttafólk hjá Reykjavíkurborg og tilkostnað í ljósi reynslunnar af samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið frá febrúar 2021.



- Undirbúa aðgerðir sem tryggja þjónustu við flóttafólk. Í því felst m.a. útvegur húsnæðis, kennsla fyrir börn á grunnskólaaldri, leikskólapláss, félagslegur stuðningur og leiðbeiningar fyrir frístunda-, tónlistar- og íþróttáþátttöku og eftir atvikum atvinnuþátttöku.
- Skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem kemur að móttöku flóttafólks.
- Efla samstarf við félagasamtök sem veita stuðning til flóttafólks, s.s. Rauða Krossinn og félag Úkraínumanna á Íslandi.

Aðgerðastjórnina skipa:

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, formaður
Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri VEL, varaformaður
Þorsteinn Gunnarsson borgarritari
Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS
Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri Eignaskrifstofu

Með starfshópnum starfi Jasmina Vajzovic Crnac leiðtogi alþjóðateymis velferðarsviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa, Fjármála- og áhættustýringasvið, Borgarlögmaður, mannauðs- og starfsumhverfissvið, menningar- og ferðamálasvið, íþrótt- og tómstundasvið og miðlægt samskiptateymi. Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu. Haft verði samráð við helstu hagsmunadila þar sem við á.

Starfstímabil:

Aðgerðastjórnin starfi frá 17. mars og eins lengi og þurfa þykir.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Frá: Félagsmálaráðuneytið <frn@frn.is>
Sent: miðvikudagur, 9. mars 2022 16:15
Til: Félagsmálaráðuneytið <frn@frn.is>
Efni: Erindi til sveitarfélaga vegna móttöku flóttafólks

Málefni flóttafólks hafa verið áberandi í umræðunni síðustu daga og vikur og hafa sveitarfélög lýst yfir áhuga á að taka á móti flóttafólki, bæði í fjölmiðlum sem og í samtölum við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Gert er ráð fyrir að fjöldi einstaklinga mun koma hingað í leit að skjóli vegna stríðsátaka. Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað sérstakan aðgerðarhóp vegna verkefnisins, þar sem leitað er bæði eftir lausnum vegna neyðarviðbragða í ljósi fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd sem og varanlegri lausn eftir að vernd er veitt.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur verið að þróa samræmda móttöku flóttafólks í samstarfi við fimm sveitarfélög og er unnið að því að festa móttökukerfið í sessi. Að verkefninu koma auk sveitarfélaga, Vinnumálastofnun og Fjölmeningarsetur auk þess sem ráðuneytið er með samning við Rauða krossinn um félagslegan stuðning.

Reynsluverkefnið hefur gefið góða raun og er nú unnið að því að styrkja það enn frekar og taka tillit til þeirra ábendinga sem samstarfssveitarfélögin hafa komið með til ráðuneytisins. Nánari upplýsingar um móttöku flóttafólks er að finna á heimasíðu Fjölmeningarseturs.


Nú þegar hefur fjöldi aðila boðið fram húsnæði um allt land í verkefnið og því hefur verið settur upp sérstakur hlekkur á heimasíðu Fjölmeningarseturs þar sem hægt er að skrá húsnæði til leigu og verður þeim upplýsingum miðlað til sveitarfélaganna.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið leitar hér með til ykkar um þátttöku í þessu brýna verkefni. Þátttakan getur verið sniðin að stærð og getu hvers sveitarfélags. Þess er óskað að áhugasöm sveitarfélög hafi samband við ráðuneytið með því að senda póst á netfangið frn@frn.is

Ráðuneytið mun í kjölfarið boða til upplýsingarfundar með áhugasömum sveitarfélögum.



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Labour
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing